



Annar barna-morgunsálmur.*)

Eftir séra Steindór heitinn Briem.

II.

Lag: Þann signaða dag.

1. Ó, lof sé þér, guð, fyr' blíðan blund
og blessun og mildi þína.
Þín miskunnin ný um morgunstund,
hún mun enn í dag oss skína.
Við þér viljum nú með þýðri lund
vort þakklæti' í verki sýna.
2. En vertu 'okkur æ í verki með
og vernda, svo ei við föllum.
Öll fátæku börnin, guð, þú gleð
og gefðu þeim blessun öllum.
Ó, hugga öll börn og heyr oss öll,
af hjarta' er á þig við köllum.
3. Þeim börnum, sem eiga engan að

*) Sá fyrri í Júní-blaðinu.

og eiga ei neina móður,
þeim, sem hafa vondan samastað,
þú sífellt ert faðir góður.
Að þekkja og elska kenn þeim Krist
sinn kæra og milda bróður.

4. Ó, gef að þitt orð um lífsins leið
æ lampi sé okkar fóta;
við biðjum þig, okkar göngu greið
svo glæpi við forðumst ljóta.
Og send okkur það, þér sýnist best
og sálum er mest til bóta.
5. Oss, algóði drottinn, annast þú
um alla' okkar lífsins daga.
Við viljum þér hlýða' í von og trú. —
Æ, virstu því svo að haga,
að megni ei heimur, hold og blóð
vor hjörtu frá þér að draga.
6. Við helgum þér, drottinn, hjörtu' og líf;
æ, hjálpa' okkur til að stríða.
Við falli þú oss og hrösun hlíf
og hugga, er verðum líða.
Við falli þú oss og hrösun hlíf
og viljum því engu kvíða.

Sunnudagsskólinn.

Eftir hr. Hannes S. Blöndal.

(Með sínu lagi.)

Sungið á sd.skóla hátíð í Fyrsta lút. söfn. í W.peg.

1. Oss þykir vænt um þennan stað;
þar þekking fyrst oss gefst
og lykillinn að lærdóm þeim,

sem lífsins mark er efst.
 Vér síðar munum minnst hans
 og margoft þakkir tjá
 fyr' grundvöll þann, er gefst oss hér
 og gagna síðar má.
 Og hans skal minnst með |:heitri þökk:|
 er hárin verða grá.

2. Oss hér er bent þær brautir á,
 sem blessun fylgir ein:
 að elska' og hafa herrans orð
 fyr' hjálp og leiðarstein.
 Er þroskinn vex, oss verður ljóst,
 hvers virði starfið er
 og frækorn þessi, sem er sáð
 í sálir vorar hér;
 og sérhvert gott og |:göfugt starf:|
 æ góðan ávöxt ber.

Notið tímann vel.

VI.

Nú er sumar-frí margra barna. Þau eru um tíma laus við skólagöngu sína. Þau þurfa þá ekki á morgnana að hugsa um að fara í skólann, eða búa sig undir hann. Nú hafa þau nægan frí-tíma. Ef til vill of mikinn frí-tíma. Þau vita ekki, til hvers þau eiga að nota hann.

Ofur litla stund tala eg við ykkur börnin mín, um frí-tímann ykkar, af því það er ekki hættulaust að hafa mikinn frí-tíma.

Þið þurfið að hafa frí-tíma. Það er auðvitað. Þið hafið gott af því. Ykkur er það alveg nauðsynlegt. Eg veit það. Og eg vil ekki, að skóla-fríið ykkar sé stýtt. En það vil eg, að það verði ykkur ekki til ills—*geri ykkur ekki vond.*

Auðvitað hafið þið ilt af frí-tímanum ykkar, ef hann gerir ykkur vond. Þið skiljið það. En getur hann gert ykkur vond? Er það mögulegt? Frí-tíminn ykkar, sem er svo skemtilegur? Já, ef þið farið illa með hann.

Það kemur fyrir, þegar þið hafið mikinn frí-tíma, að þið vitið ekki, hvernig þið eigið að fara með hann, eða hvað þið eigið að hafa fyrir stafni. En eitthvað verðið þið að hafa fyrir stafni, eitthvað að gera, sem ykkur er skemtun að. Ykkur er ekki unt að halda kyrru fyrir og halda saman höndum og ekki hafast neitt að, nema litla stund í einu. Og ef þið hafist ekki neitt að, sem gott er og fallett og saklaust eða gagnlegt, þá er hætt við, að þið hafist að eitthvað ljótt—eitthvað, sem gerir ykkur vond og ljót. Þess vegna getur það verið hættulegt fyrir ykkur að hafa mikinn frí-tíma.

Ykkur ríður þá á því að kunna að fara með frí-tímann ykkar. Og foreldrar ykkar eiga að hjálpa ykkur til þess að læra það. En þá megið þið ekki verða vond, þegar þau eru að segja ykkur til. Munið mig um það.

Frí-tíma ykkar eigið þið ekki að nota eingöngu til þess að leika ykkur. Þið þurfið að hafa eitthvað annað að gera líka. Það er gott fyrir ykkur að búa til eitthvað, t. d. byggja hús eða sauma eða smíða eitthvað. Líka að lesa það, sem fallett er og syngja. Og *eitt* er, sem þið einlægt getið gert. Þið hafið gott af að gera það. Og þið verðið falleg og góð af að gera það.—Eg skal segja ykkur það.—*Þið eigið að hjálpa henni mömmu ykkar.* Og þá notið þið frí-tímann ykkar vel, þegar þið eruð dögleg að hjálpa henni mömmu ykkar.

Haldið þið hún mamma ykkar þurfi ekki frí-tíma eins og þið? Haldið þið hún sé ekki lúin?—Jú, hún er oft lúin. Af hverju? Já, það getur verið margt, sem hún verður lúin af. En eg ætla að benda ykkur á eitt. Getur verið, að þið hafið ekki hugsað um það. En þið þurfið að hugsa um það. Það kemur ykkur til þess að hjálpa henni mömmu ykkar.

Hún mamma ykkar er oft lang-lúinust af því að sinna ykkur og hafa ofan af fyrir ykkur, ekki að eins á daginn, heldur líka á nóttunni. Marga nótt vakir hún vegna ykkar. Hafið þið hugsað um þetta, börn? Um það, að hún mamma ykkar er oft svo lúin, *svo lúin* vegna ykkar? Ef þið gerið það, þá langar ykkur til þess að hlaupa spor fyrir hana og léttu undir með henni. Það er eg viss um. Eg veit, að ykkur langar til þess að vera góð við hana mömmu ykkar. Og þegar þið eruð

vond við hana, þá eruð þið það vegna þess þið hugsið ekkert út í það.

Nú er eg viss um, að þið eruð á sama máli og eg. Þið haldið með mér, að þið notið frí-tímann ykkar vel, ef þið notið hann til þess að hjálpa henni mömmu ykkar og hvíla hana—hlaupa mörg spor fyrir hana og léttu undir með henni góðu mömmu ykkar. Þá gerir frí-tíminn ykkar ykkur góð og fall-eg. Því guð blessar ykkur þá. Og blessanin hans, börn, gerir ykkur góð og falleg.

Kirkjuþing.

Kirkjuþing er nýafstaðið. Það var haldið að Mountain, N.-Dak., börn, í kirkju Víkursafnaðar. Nú í 22 ár hefir kirkjuþing verið haldið einu sinni á hverju ári. Kirkjufélagið okkar er orðið þetta gamalt. Verður bráðum 25 ára.

Á kirkjuþing koma nokkrir erindsrekar frá söfnuðum kirkjufélagsins og prestar þess. Þar eru rædd ýms mál, er lúta að starfi kirkjufélagsins, og ráðstafanir gerðar í þeim. En aðalmálin á öllum þingunum hafa verið þessi tvö mál: *skólamálið* og *trúboðsmálið*. Enda eru þau aðal-mál kirkjufélagsins.

Þið þurfið að læra að hugsa um verkið, sem kirkjufélagið er að vinna. Því þið eigið að vera með í verkinu bæði nú og síðar. Þið verðið betur með, þegar þið eruð orðin full-orðin, ef þið lærið að vera með nú á meðan þið eruð börn. Auk þess kemur verkið líka ykkur við. Það snertir einmitt ykkur. Og þegar þið finnið til þess, þá verðið þið líka betur með.

Þegar verið er að smíða eitthvað handa ykkur, þá eruð þið með. Þið horfið á verkið með svo mikilli athygli, og viljið gjarnan hjálpa til.

Hugsið nú um *skólamálið*. Það snertir ykkur. Hvernig þá? Jú, sjáið til. Það er verið að hugsa um ykkur—að byggja skóla fyrir ykkur. Mentunin *ykkar* er kirkjufélagsins mikla áhugamál. Það vill, að þið fáið *kristilega* mentun. Þið þurfið auðvitað að mentast. En það stendur ekki á sama,

hvernig þið mentist. Mentunin, sem kemur ykkur til þess að gleyma guði og færast fjær honum, er vond mentun. Og hún gerir ykkur vond. En kristileg mentun færir ykkur nær guði og gerir ykkur betri. Um slíka æðri mentun handa ykkur er kirkjufélagið að hugsa. En það er líka að hugsa um, að þið megið ekki hætta að vera Íslendingar. Og það megið þið ekki, börn. Mentunin má ekki hafa þau áhrif á ykkur. Hún má ekki koma ykkur til þess að hætta að vera Íslendingar. Þess vegna er kirkjufélagið að hugsa um mentun handa ykkur, sem ekki færir ykkur burtu frá ykkar eigin þjóð, heldur nær henni—mentun, sem gerir ykkur að góðum Íslendingum. Það vill, að þið verðið að *góðum, mentuðum, kristnum Íslendingum*. Þetta er það að hugsa um með skólamáli sínu. Það er að hugsa um ykkur, sjáid þið.

Og núna á kirkjuþinginu var mikið hugsað um þetta. Og það kom í ljós ekki svo lítill áhugi fyrir því, að fara nú að hugsa betur um að gera meira en áður—sjá til, hvort við ekki getum bygt skóla sjálfir í nálægri framtíð. Og væri ekki gaman, ef við gætum eignast skóla sjálfir.

Byrjun og endir.

(Þýtt.)

Byrjunin: — Hann var 10 ára gamall skóladrengur. Það var inndæll Júní-dagur einn. Þá bað Jón, frændi hans, hann að fara í búð og borga skuld. Drengur gerði það. Afgangur var 75 cent. En Jón gekk ekki eftir þeim. Þá finnur drengur til freistingarinnar og segir við sjálfan sig: „Á eg að skila honum peningunum, eða á eg að bíða eftir því, að hann gangi eftir þeim? Ef hann ekki gengur eftir þeim — nú, þá er það hans að sjá um sig. Ef hann gerir það, þá get eg fengið peningana aftur.“ Og hann skilaði ekki peningunum.

Endirinn: — Tíu ár liða. Hann er skrifari í banka nokkrum. Í skúffu einni þar liggur pakki af peningaseðlum. Það hafði gleymt að láta þá inn í peningaskápin. Hann sér þá. Tekur þá og felur undir treyju sinni og fer heim með þá. Um kvöldið situr hann fastur í fanga-klefa og et glæpamaður.

Hann byrjaði drengurinn á þessari leið, þegar hann seldi ráðvendni sína fyrir 75 cent. Jón, frændi hans, er dáiinn. En móðir hans hefir mist son sinn og situr með sorg, er ætíð að gera út af við hana.

EF EG VÆRI ÞÚ, DRENGUR MINN!

Eg myndi læra að vera kurteis við alla.

Eg myndi ekki lofa neinum dreng að komast a undan mér með að læra.

Eg myndi aldrei gera gys að börnum fyrir að vera fátæklega búin.

Eg myndi aldrei vera með vondum drengjum, sem tala ljótt.

Eg myndi ekki vera með ólund eða fýlu, þó eg fengi ekki vilja minn.

Eg myndi sjálfur reyna að fá fólk til að bera virðingu fyrir mér, með því að hegða mér vel og vera góður við alla.

Eg myndi halda höndunum á mér hreinum og andlitinu líka og greiða mér, þó enginn segði mér að gera það.

Eg myndi reyna að komast eftir því, hvað eg gæti gert til þess að hjálpa henni mömmu minni, og svo gera það, án þess hún bæði mig.

—*Lutheran.*

EFTIRDÆMID.

Fimm lítil börn voru að leika sunnudagsskóla. Móðir þeirra þriggja sat nálægt þeim og var að sauma. Þegjandi veitti hún þeim eftirtekt. Og tók þá eftir því, að æfinlega kom eitt barnið inn, þegar hin voru byrjuð að syngja.

Hún kallar þá á það og spyr: „Gréta mín! Því kemur þú æfinlega of seint inn?“ „Ó, eg er kennari!“ svaraði hún. „Kennarinn okkar kemur æfinlega seinna inn.“

Muni allir sunnudagsskólakennarar, að þeir eiga líka að kenna með eftirdæminu, sem þeir gefa?

—*Lutheran.*

HIN GUDDÓMLEGA HÁTÍÐ.

Ungir menn nokkrir á Englandi réðu einhverju sinni með sér að halda dýrðlega veislu á afmælisdag konungs síns. Maður er nefndur *Morington*; hann var alkunnur fyrir góðgjörðasemi. Honum fólu þeir á hendur að búa til veislunnar, og seldu honum í hendur allmikið fé og mæltu: „Vér felum þér á hendur að búa veisluna svo sem þér þykir best fara; en hún verður að vera sem guðaveisla.“ Hátíðardaginn komu

Þeir allir þangað, sem veislan skyldi standa; en sáu engan viðbúnað í eldhúsinu, og litla birtu í herberjunum. Í sömu andrúnni kom Morington á móti þeim út úr einhverju herberginu. „Hvað er þetta, Morington?“—mæltu þeir; „svo virðist sem þú hafir lítt hugsað fyrir skemtun vorri.“ Hann opnaði þegar í stað herbergi eitt. Þar inni sátu tíu bæjarmenn úr Lundúnum með hyski sínu að verði. Mennt þessir voru fyrir óhöpp komnir í skuldir, og höfðu skuldheimtunenn þeirra látið setja þá í fangelsi, svo sem lög stóðu til. Morington hafði borgað skuldir þessara manna með fé því, er vinir hans höfðu honum í hendur selt, og leyst þá þannig úr höftunum; því næst hafði hann látið búa þeim máltíð, sem reyndar var eigi neinir dýrindisréttir, en matur, sem á borðum var, var góður og hressandi. Leifum peninganna hafði hann skift á milli þessara tíu manna, svo að þeir gætu keypt sér aftur tól og húsbúnað, er þeir þyrftu, og komist úr kröggnum aftur. „Þér vilduð hafa sanna guðaveislu og himneska“—mælti Morington. „Þarna er hún. Þannig mettar drottinn oss dag hvern og seður með blessun sinni.“ Bæjarmenn þeir, er að borðinu sátu, gátu eigi orðum komið að þakklátsemi sinni; en augu þeirra og tár vottuðu nóg samlega um tilfinningar hjartnanna. Hinir ungu Englendingar komust mjög við af þessu og settust undir borð við hliðina á hinum, og þá er þeir skyldu halda burt, mæltu þeir við Morington: „Þú hefir í sannleika búið oss guðdómlega veislu“, og hétu skriflega jafnmiklu næsta ár, er verja skyldi á sama hátt.

Þýtt hefir *Halldór Kr. Friðriksson* heitinn yfirkennari.

„*Sameiningin*“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „*Börnin*“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „*Sam.*“, hálf örk. *Address* ritstjóra „*Barnanna*“: Selkirk, Man. — „*Börnin*“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. *Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaðr „*Sam.*“ og „*Barnanna*“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.
Canada.